Félag fasteignasala
30 ÁRA
TRAUST VEKUR TRAUST
62·20·30
FASTEIGNA MIÐSTÖÐIN
Skipholti 50B

HJALLABRAUT – KÓP. 7255
Vorum að fá í sölu glæsil. einb. á tveimur hæðum 186 fm + 30 fm bílsk. 4 svefnherb. Fráb. staðsetn. Garður í rækt. Útsýni.

BLÁTÚN – ÁLFTAN. 7288
Glæsil. 228 fm einbhús á tveimur hæðum. Massífar eikarinnr. í eldhúsi. 4 svefnherb. Arinn á báðum hæðum. Teikn. á skrifst. Áhv. hagst. lán.

NORÐURBRAUT – HF. – LAUS 5152



Skemmtil. 125 fm efri sérhæð á fallegum stað. Endurn. eign t.d. gluggar. Fallegur stór og góður garður. Sjávarútsýni. Bílskréttur. Ákv. sala. Verð 9,5 m.

AUSTURBÆR – KÓP. – EIGN Í SÉRFL. 4065
Nýkomin í einkasölu glæsil. 110 fm 5 herb. íb. á 2. hæð í litlu fjölb. Vandaðar innr. Parket og flísar. Þvhús í íb. Fallegt útsýni.

AUSTURSTRÖND – BÍLSKÝLI 2321
Mjög falleg 88 fm íb. á 3. hæð. Glæsil. stórar 50 fm svalir með sjávarútsýni. Vandaðir innr. Frábær staðsetn. Stutt í alla þjónusta.

BLIKAHÓLAR 2347
Falleg 90 fm íb. á 3. hæð. Góðar innr. Fráb. útsýni yfir borgina. Lítið áhv. Verð 6,5 millj.

STANGARHOLT 2278
Í einkasölu glæsil. 3ja herb. íb. á 1. hæð í nýl. húsi á þessum rólega stað. Parket. Vandaðar innr. Sérinng. Verð 7,8 m.

NÝI MIÐBÆRINN 2285
Glæsil. 79 fm 3ja herb. íb. á 1. hæð í fallegu litlu fjölb. Vandaðar innr. Parket og flísar. Fráb. staðsetn. Ákv. sala.

GRAFARVOGUR – LAUS 1180
Glæsil. 2ja herb. íb. í litlu fjölb. á mjög góðum stað í Grafarvogi. Sérgarður. Útsýni. Áhv. 2,5 millj. veðdeild. Verð 5,9 millj.

HÓLMGARÐUR 1253
Gullfalleg 62 fm 2ja herb. íb. á þessum rólega, góða stað. Sérbílast. Verð 6 m.

TÁKN OG DULHYGGJA

Myndlist

Bragi Ásgeirsson

Þeir eru ekki einungis skólabræður úr MHÍ og útskrifaðir 1978, heldur félagar og samherjar í ákveðnu myndmáli innan listarinnar, þótt þeir nálgist viðfangsefni sín á gjörólíkan hátt.

Það er alheimurinn og dulvitundin, sem ræður ríkjum í myndamáli þeirra og er það í samræmi við ákveðna núlistahefð, sem á um margt uppruna sinn í Þýskalandi, en styðst þó ekki í sama mæli við sögulegar forsendur né sértæka og skilvirka uppsprettu þjóðarbúsins.

Það eru ekki mörg ár síðan obbinn af þýskri myndlist á öldinni var bannfærður af íslenzkum núlistamönnum, sem eitthvað ruddafengið og gróft, og komu þær skoðanir um París, sem þá var höfuðvígi listarinnar.

Unga kynslóð þeirra tíma var því vægast sagt alin upp á nokkurri tortryggni í garð þýskrar myndlistar og jafnvel bólusettir gegn ýmsum höfuðsnillingum aldarinnar meðal þýðverskra. Slíkt er stórhættulegt og glepur viðkomandi sýn á raunhæfu samhengi myndlistarinnar. Fyrir ungt fólk í dag er það sennilega fjarstæðukennt að sá, er hér ritar, var svo til ónæmur fyrir málurum eins og Max Beckman, Otto Dix, George Grosz og fleiri slíkum jöfrum, er hann var við listnám í Þýskalandi, en hann verður sífellt hrifnari af þeim fyrir þá sannferðugu mynd af tímunum, er þeir drógu upp. Eiga þeir í París enga hliðstæðu þeirra og hugsa ég forsjárhyggjumönnum fyrri ára þegjandi þörfina. Ungt fólk vildi auðvitað vera með, og það þótti ósköp fínt og gáfulegt að vera á móti hinu og þessu, þótt þekkingin á hlutunum væri á reiki og tilfinningarnar óþroskaðar.


Rökræða um myndlist er það sem gildir, en ekki eitthvert trúboð frá höfuðstöðvum hins algilda sannleika, sem í raun var (og er) einungis þröngur hópur ágætra myndlistarmanna, en misviturra fræðinga með mikil völd og áhrif, sem hötuðu allt sem þýskt var.

En nú eru aðrir tímar bæði í stjórnmálum Evrópu sem og listinni, og staðan hefur gjörbreyst í þá veru, að þótt fransmennirnir standi sem fyrr fullkomlega fyrir sínu, þá hefur margur uppgötvað, að það gera þýðverskir einnig og listamenn fleiri Evrópuþjóða.


Þjóðverjar uppgötvuðu svo þann mikilvæga sannleik, að þeirra menn þurftu ekki endilega að sýna og fá viðurkenningu í París, London eða New York til að teljast eitthvað í listinni, og það reyndist undirstaða mesta blómaskeiðsþýskra núlista á öldinni, sem enn stendur yfir.

Og hvað kemur þetta myndlist þeirra Guðjóns og Grétars við, spyrja nú einhverjir og því er til að svara, að þeir eru báðir afkvæmi þeirra erlendu strauma, sem gengið hafa yfir og blasað hafa við okkur í listhúsum höfuðborgarsvæðisins á undanförnum árum.

En um leið skulu menn, sem aðhyllast öðru fremur erlend viðhorf í listum ekki gleyma því, að ferskur boðskapur í myndlist og húsagerðarlist er nýr draumur um fegurð og efniskennd, um leið og menn eru að fjarlægjast yfirborðs-



Guðjón Ketilsson, myndlistarmaður.



Grétar Reynisson, myndlistarmaður.

Kjöreign
Traust og örugg þjónusta

Leirubakki
Falleg 2ja herb.íb. á 3. hæð, 59,6 fm nettó. Glæsil. útsýni. Þvottah. innaf eldh. Hús og sameign í góðu ástandi. **Lítið áhv. Verð 5,5 millj.** 320.

Rauðás
Glæsil. 2ja-3ja herb.íb. á 2. hæð 85,1 fm nettó. Þvottah. og búr innaf eldh. Parket á gólfum. Góðar innr. **Áhv. lán 3,2 millj. Verð 6,5 millj.** 567.

Lundarbrekka – Kóp.
Glæsil og rúmg. 3ja herb. íb. á 2. hæð. Fallegt útsýni. Nýl. innr. í eldhúsi. Suðursv. Áhv. ca 2,0 millj. Verð 6,5 millj.

Heiðargerði – einb.
Glæsil. hús á tveimur hæðum. Húsið skiptist í stórar stofur, garðstofu, 3 svefnherb, sjónvherb., baðherb. á báðum hæðum. Fallegur skjólgóður garður. Yfirbyggður nuddpottur. **Bílskúr. Ákv. sala. Verð 15,0 millj.** 523.
Ath. fjöldi annarra eigna á söluskrá.

S: 685009 - 685988
ÁRMÚLA 21
DAN V. S. WIIUM, LÖGFRÆÐINGUR,
ÓLAFUR GUÐMUNDSSON, SÖLUSTJ.,
DAVÍÐ SIGURÐSSON, SÖLUMAÐUR

Skóflustunga að 2. áfanga Setbergsskóla

FYRSTA skóflustunga að 2. áfanga Setbergsskóla var tekin sl. fimmtudag. Það gerðu tveir af nemendum skólans, Elín Mjöll Þórhallsdóttir og Sigurgeir Gíslason, sem stunda bæði nám í 9. bekk. Þessi áfangi verður tekinn í notkun 1. september 1992.

1. áfangi skólans, sem er 2.185 fermetrar, var tekinn í notkun haustið 1989. Þá hófu nám í skólanum tæplega 200 nemendur í 1. til 7. bekk. Nú eru nemendur skólans orðnir 350 í 1. til 9. bekk og gert er ráð fyrir að á næsta ári verði þeir u.þ.b. 450 í 1. til 10. bekk.

Í þessum áfanga skólans, sem er 1.562 fermetrar, eru 6 almennar kennslustofur, handmenntastofur, myndmenntastofa, kennslueldhús, raungreinastofa, stofa fyrir tölvukennslu, vinnuherbergi kennara, setu- og matsalur fyrir nemendur o.fl.

Með þessum byggingaráfanga var upphaflega gert ráð fyrir að byggingu skólans væri lokið. Með tilkomu nýrra grunnskólalaga, þar sem gert er ráð fyrir einsetningu í framtíðinni hefur verið gert ráð fyrir þeim möguleika að stækka skólann enn frekar gerist þess þörf. Setbergsskóli var upphaflega hugsaður og teiknaður sem skóli fyrir nemendur frá 1. og upp í 10. bekk, þ.e. fyrir skyldunámið, og var gert ráð fyrir u.þ.b. 550 nemendum í tveimur bekkjadeildum í hverjum nemendaárangri. Setbergsskóli kemur til með að þjóna tveimur íbúðahverfum, Setbergshverfi sem nú er nær fullbyggt og Mosahlíð sem er næsta íbúðahverfi sem rísa mun í Hafnarfirði.

Skólastjóri Setbergsskóla er Loftur Magnússon, en auk hans

Hlíðar 3ja–4ra herb.
Til sölu falleg 3ja–4ra herb. íb. á 1. hæð í nágrenni Kjarvalsstaða. Nýtt rafmagn, Danfoss. Verð 6,4 millj. Áhv. ca 1,6 millj.
Upplýsingar í síma 12542.

Laugavegur
Til leigu ca 30 fm verslhúsn. á besta stað við Laugaveg. Stór og góður sýningargluggi. **Laust fljótlega. Nánari upplýsingar á skrifstofu.**
HÚSAKAUP ☎621600
Ragnar Tómasson hdl., Brynjar Harðarson viðskfr., Guðrún Árnadóttir viðskfr., Haukur Geir Garðarsson viðskfr.

21150-21370 LÁRUS Þ. VALDIMARSSON FRAMKVÆMDASTJÓRI
KRISTINN SIGURJÓNSSON, HRL. LÖGGILTUR FASTEIGNASALI
Til sýnis og sölu meðal annarra eigna:
Gott einbýlishús – 5 svefnherb.
Steinhús, ein hæð, 165 fm á vinsælum stað í **Vogunum.** Gott stofurými, sólverönd. **Bílskúr.** Skrúðgarður. Eignaskipti **möguleg.**
Leitum að
4ra–5 herb. íb. í borginni eða Kópavogi með sérinng. og bílsk. **Óvenju góðar greiðslur.**
Miðsvæðis í borginni óskast
góð íbúð 90–100 fm á 1. eða 2. hæð eða í lyftuhúsi. Skipti **möguleg** á 6 herb. úrvalssérhæð miðsv. í borginni. Nánari upplýsingar trúnaðarmál.
• • •
Viðskiptum hjá okkur fylgir ráðgjöf og traustar upplýsingar. Opið á laugardaginn.
ALMENNA FASTEIGNASALAN
LAUGAVEGI 18 SÍMAR 21150-21370



FALKON
Fashion for men
Ný sending
Vinsælu dönsku herra-jakkarnir komnir
GEYSIR HF

Náttúrufræðistofnun:

Afhentur steingerður bolur úr Loðmundarfirði

Náttúrufræðistofnun Íslands var nýlega færð vegleg gjöf, steingerður trjábolur frá Loðmundarfirði.

Steintréð er gefið í minningu Ólafíu Ólafsdóttur og Stefáns Baldvinssonar að Stakkahlíð í Loðmundarfirði og afhentu börn og barnabörn þeirra hjóna gjöfina.

Steintréð fannst í landi Stakkahlíðar í um 500 m hæð og er 240 kg að þyngd. Þyrla Landhelgisgæslunnar flutti tréð til byggða. Árhringir sýna að tréð hefur á sínum tíma orðið a.m.k. 300 ára gamalt. Tréð kemur úr jarðlögðum sem eru 10-11 milljón ára, en á þeim tíma var loftslag heittemprað.

Sveinn Jakobsson tók við gjöfinni fyrir hönd Náttúrufræðistofnunar. Hann sagði að steintréð væri kærkomin gjöf og væri það meðal merkustu náttúrugripa stofnunarinnar.